



3. apríl 2013

ÍTH / Tómstundamiðstöðvar

Skráning í frístundaheimili fyrir haustið 2013

Forráðamenn sem stefna að því að börn þeirra sæki starf frístundaheimilanna haustið 2013 geta byrjað að skrá börn sín 15. maí næstkomandi en næsta haust verður sú breyting á að keyptir eru dagar en ekki klukkustundir í öllum frístundaheimilum.

Breyting þessi veldur því að ekki er nauðsynlegt að stundaskrár barnanna liggi fyrir við skráningu og því mögulegt að vera mun fyrir á ferðinni með að skipuleggja starf frístundaheimilanna en verið hefur m.a. hvað varðar mannráðningar.

Þá verður breyting þessi til þess að hægt er að staðfesta dvöl barns í frístundaheimili mun fyrir, en fjöldi barna veltur m.a. á mönnun á hverri starfsstöð.

Mikilvægur þáttur í breyttu fyrirkomulagi er sá að nú opnast ný tækifæri til að skipuleggja starf frístundaheimilanna m.a. hvað varðar vettvangsferðir t.d. í söfn og víðar en það fyrirkomulag sem hefur verið notað undanfarin ár veldur því að börn eru sótt á afar misjöfnum tímum sem setur þess háttar verkefnum ákveðnar skorður.

Upplýsingar hvað varðar skráningar í frístundaheimilin verða sendar á alla forráðamenn barna sem eru að klára 1., 2. og 3. bekk í grunnskólum bæjarins. Þá fá einnig forráðamenn barna sem eru að útskrifast úr leikskólum upplýsingar um skráningarferlið.

Frístundaheimili ÍTH eru staðsett í öllum grunnskólum bæjarins en þar er um að ræða Hraunkot í Víðistaðaskóla, Álfahraun í Engidalsskóla, Krakkaberg í Setbergsskóla, Lækjarsel í Lækjarskóla, Selið í Öldutúnsskóla, Hraunsel í Hraunvallaskóla, Tröllaheima í Áslandsskóla og Holtasel í Hvaleyrarskóla